

# Ársskýrsla Styrktarfélags Klúbbsins Geysis 2019

## Efnisyfirlit

Ársskýrsla Klúbbsins Geysis 2019.....	3
Stjórn.....	3
Starfsemi .....	4
Kynningar .....	4
Þátttaka í ráðstefnum og fundum innanlands um geðheilbrigði.....	5
Fjármál, gjafir og styrkir .....	5
Starfsmannamál.....	6
Starfsmannamat.....	6
Framkvæmdaáætlun 2019.....	6
Atvinnumál .....	6
Ráðning til reynslu (RTR).....	7
Sjálfstæð ráðning og atvinnna með stuðningi .....	7
Starfsleitarhópur .....	7
Alþjóðlegt samstarf.....	7
Úttekt og vottun á Klúbbnum Geysi .....	8
Félagslíf .....	8
Veislur, hátíðir og félagsleg dagskrá .....	9
Geysisdagurinn, 20 ára afmæli Klúbbsins Geysis .....	9
Útvarp Geysir.....	10
Námskeið og kennsla .....	10
Batastjarna.....	11
Heilsuefling .....	11
Móttaka.....	12
Eldhús- og viðhaldsdeild .....	12
Sjoppan .....	13
Viðhald .....	13
Skrifstofudeild.....	13
Atvinnu- og menntadeild (ATOM) .....	13
Útgáfumál .....	14
Heimasíða og samfélagsmiðlar .....	14
Þakkir .....	14
Tölfræði .....	15
Skífurit úr árangurskönnun 2019 .....	16
Skífurit úr árangurskönnun 2019 .....	17
Skífurit úr árangurskönnun 2019 .....	18
Stefnuyfirlýsing Klúbbsins Geysis .....	19

# Ársskýrsla Klúbbsins Geysis 2019

Klúbburinn Geysir er sjálfseignarstofnun með sérstakri sjálfstæðri stjórn. Meginhluti rekstrarfjár klúbbsins kemur frá Vinnumálastofnun en einnig er reksturinn fjármagnaður af Reykjavíkurborg, frjálsum framlögum og styrkjum nágrannasveitarfélaga, fyrirtækja og sjálfstæðra sjóða. Að auki er leitað styrkja vegna sérverkefna. Til þess að verða félagi þarf viðkomandi að eiga eða hafa átt við geðraskanir að stríða. Klúbburinn starfar eftir hugmyndafræði Clubhouse International. Tilgangur hans er að virkja félaga til þátttöku á vinnumiðuðum degi í klúbbnum til þess að undirbúa þá til þátttöku út í samféluginu.

Á vinnumiðuðum degi eru í boði fjölbreytt og gefandi verkefni sem miðast að því að reka klúbbinn og halda honum gangandi. Félagarnir fá einnig aðstoð við húsnaðis- og atvinnuleit, stuðning vegna náms auk þess sem boðið er upp á félagslega dagskrá eftir vinnumiðaðan dag alla fimmtudaga og einn laugardag í mánuði.

## Klúbburinn Geysir fagnaði 20 ára afmæli á árinu 2019

Haldið var upp 20 ára starfsafmæli klúbbsins á árinu. Mikill metnaður var lagður í afmælisárið og þess getið með ýmsu móti. Jafnan er afmælisdagur klúbbsins miðaður við 6. september og árið 1999, en þá var klúbburinn kominn í fullan rekstur þó að á ýmsu hafi gengið með húsnaði klúbbsins. En sögu klúbbsins má rekja allt til ársins 1996 þegar fyrst var hreyft við því að koma á úrræði utan hefðbundinna geðheilbrigðisúrræða.

Í tilefni afmælisins var ákveðið að gefa út kaffiborðsbók og fjalla á fjölbreyttann hátt um starf og sögu klúbbsins. Þenn er verið að afla fjámuna til þess að gefa bókina út, en handrit er tilbúið til prentunar. Vonir standa til að hægt verði að gefa bókina út á þessu ári (2020).

## Stjórn

Haldnir voru 4 stjórnarfundir árið 2019. Á fundum stjórnar eru tekin fyrir mál sem varða rekstur, fjárhag, stefnumótun og skipulag klúbbsins. Stjórnin samþykkir ársreikning, ársskýrslu og framkvæmdaáætlun klúbbsins.

## Stjórn Klúbbsins Geysis árið 2019:

### Í lok árs 2019 var stjórnin þannig skipuð:

Anna Valdimarsdóttir, iðjuþjálfí, formaður stjórnar.

Guðrún Hannesdóttir, félagsfræðingur.

Óðinn Einisson félagi í Klúbbnum Geysi.

Hallgrímur Gunnarsson, verkfræðingur.

Jón Sigurgeirsson, lögfræðingur og félagi í Klúbbnum Geysi.

Ólafur Ólafsson, lyfjafræðingur.

Þórunn J Hafstein, ritari Þjóðaröryggisráðs

Ögmundur Jónasson, fyrrverandi ráðherra og alþingismaður.



Verndari Klúbbsins Geysis er frú Vigdís Finnbogadóttir  
fyrrverandi forseti Íslands

## Starfsemi


Um áramótin 2019 - 2020 voru 407 skráðir félagar í klúbbnum. Að meðaltali mættu 19 félagar í klúbbinn hvern virkan dag árið 2019. Alls komu 23 einstaklingar í kynningu í Klúbbinn Geysi á árinu. Það komu 28 fagaðilar og nemar í kynningu. Alls voru 51 kynning á árinu og var heildarfjöldi þeirra sem komu var 73.

## Kynningar fyrir nýja félaga og fagfólk

Geysir hélt fræðslufundi og kynningar utan Geysis á árinu. Meðal annars var farið á geðdeildir LSH. Auk þess komu nemar s.s sjúkraliðanemar, hjúkrunarfræðinemar og aðrir starfsmenn í geðheilbrigðisþjónustu til að kynna sér starfsemi klúbbsins. Einnig fær klúbburinn heimsóknir frá félögum í klúbbhúsum viða að úr heiminum sem vilja skoða klúbbinn. Þetta árið var gestkvæmt og fékk Klúbburinn Geysir meðal annars heimsóknir frá klúbbhúsunum Club Success í Florida og B'more frá Maryland í Bandaríkjunum og Noregi svo eitthvað sé nefnt.

Farið var í heimsóknir til félaga, bæði á sjúkrahús og í heimahús. Starfsmenn og félagar aðstoðuðu einnig aðra félaga við ýmis verkefni varðandi samskipti við félagsmálayfirvöld, Tryggingastofnun, lifeyrissjóði, Ríkisskattstjóra og marga fleiri.

HVERJIR VÍSA Á GEYSI



## **Þátttaka í ráðstefnum og fundum innanlands um geðheilbrigði.**

Mikilvægur þáttur í starfsemi klúbbsins er upplýsingamiðlun til þeirra sem vinna að geðheilbrigðismálum, jafnt til einstaklinga, annarra úrræða, opinberra aðila og hagsmunaaðila. Mikilvægi samvinnu starfsmanna og félaga klúbbsins verður aldrei of oft tíunduð þegar kemur að mótnun stefnu og að þátttaka þeirra sem takast á við geðrænar áskoranir sé sýnileg og marktæk.

### **Félagar og starfsmenn Geysis tóku meðal annars þátt í eftirfarandi fundum og ráðstefnum innanlands um geðheilbrigði:**

Klúbburinn Geysir er þátttakandi í Notendaráði fatlaðs fólks í Reykjavík og á Seltjarnarnesi. Notendaráð fatlaðs fólks í Reykjavík og á Seltjarnarnesi var stofnað haustið 2016 og heldur Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar utan um starfsemi notendaráðsins. Notendaráðið hefur það hlutverk að veita umsagnir um reglur og stefnumótun sem varða málefni fatlaðs fólks hjá Reykjavíkurborg.

Notendur með geðfötlun funda um mál ráðsins í lokuðum hópi á Facebook en eru kallaðir til funda af starfsmanni Mannréttindaskrifstofu eftir þörfum.

Tveir félagar úr Geysi eru í ráðinu. Það eru þau Sigrún Jóhannsdóttir sem aðalmaður og Sigurður Bjarni Gunnarsson sem varamaður.

- Ársfundur Virk/afhending styrkja.
- Þrír samráðsfundir geðheilbrigðisúrræða.
- Tvær vinnustofur.
- Tveir fundir á vegum heilbrigðisráðuneytisins.
- Þátttaka í hátíð vegna alþjóða Geðheilbrigðisdagins sem er haldinn hátíðlegur 10. október ár hvert.
- Fjörutíu ára afmæli Geðhjálpar 9. október.
- Heilbrigðisþing.
- Starfsfólk og félagar tóku þátt í 15 öðrum fundum/ráðstefnum/málþingum árið 2019.



## **Fjármál, gjafir og styrkir**

Þjónustusamningur milli Styrktarfélags Klúbbsins Geysis og Vinnumálastofnunar hljóðaði upp á kr. 38.658.000,00 kr. Reykjavíkurborg gerði þjónustusamning upp á kr. 3.000.000,00 kr.

Frá Starfsendurhæfingasjóði VIRK fékk Geysir kr. 2.000.000,00 kr vegna ferðasjóðs og 1.000.000,00 kr, vegna 20 ára afmælis klúbbsins. Samfélagssjóður VÍS 200.000 kr. til útgáfu á 20 ára afmælisriti klúbbsins. Styrkur frá Sænsk-íslenska samstarfssjóðnum kr. 180.000. Styrkur frá VÍS vegna útgáfu bókar í tilefni 20 ára afmælis klúbbsins.

Sótt var um styrki til nágrannasveitarfélaga og fékk klúbburinn kr. 500.000,00 kr frá Kópavogsbæ 100.000,00 kr. frá Garðabæ, 100.000 frá Hafnarfjarðarbæ. Í áheitahlaupi Reykjavíkurmaráþons söfnuðust 137.848,00 kr.

## Starfsmannamál

Klúbburinn tók þátt í Alþjóðlegum ungmennaskiptum (AUS) og European Voluntary Service (EVS) eins og hann hefur gert frá 2006. Þetta árið fengum við einn sjálfboðaliða. Hann er frá Makedóníu og heitir Darió Korolija.

## Starfsmannamat

Eins og getið er um í staðli 20 er félögum gert kleift að meta launaða starfsmenn og framgöngu þeirra í starfi. Árlegt starfsmannamat hófst í byrjun nóvember og fengu félagar eina viku til þess að meta hvern starfsmann. Matið er skriflegt, leynilegt og ópersónurekjanlegt. Mikilvægt er að félagar nýti sér þetta tækifæri til þess að starfsfólkið geti haft einhver viðmið til að bæta sig í starfi. Klúbburinn Geysir vill að starfsfólki líði vel á vinnustað og að félagar séu ánægðir með að mæta í klúbbinn og fái að njóta sín þar.

## Framkvæmdaáætlun 2019

Áfram var haldið með vinnu sem er byggð á framkvæmdaáætlun sem unnin var í þjálfun í Fontenehuset í Oslo í Noregi af Grace Patambag verkefnastjóra í eldhúsdeild, Ólafi Haukssyni félaga og Þórunni Ósk Sölvadóttur framkvæmdastjóra Klúbbsins Geysis árið 2017. Áhersla var lögð á eftirfarandi atriði:

Vinnumiðaður dagur – Markmið: Að styrkja hugmyndina um samvinnu milli félaga og starfsfólks sem samstarfsfólks, með sérstakri áherslu á starfið í eldhúsinu.

Fjármögnun, stjórn og framkvæmd – Markmið: Að kynna sérstöðu klúbbsins út til samfélagsins. Láta samfélagið vita hvað Klúbburinn Geysir er og fyrir hvað hann stendur í samfélaginu. Árið 2019 varð klúbburinn 20 ára og var afmælið í forgrunni í allri kynningu á klúbbnum.

## Atvinnumál

### Ráðning til reynslu

Ráðning til reynslu (RTR) veitir félögum tækifæri til þátttöku á almennum vinnumarkaði.

RTR eru hlutastörf og tímatakmörkuð, að jafnaði 15-20 tímar á viku, í 9 eða 12 mánuði. Þá tekur annar félagi við starfinu. Klúbburinn sér um að ná til atvinnurekenda, kynna fyrir þeim hvað felst í ráðningu til reynslu og útvega störf fyrir félaga.

Starfsmaður klúbbsins kynnir sér starfið og þjálfar viðkomandi félaga, vinnuveitanda að kostnaðarlausu. Að þjálfun lokinni fer félaginn á launaskrá hjá vinnuveitandanum.

Komi sú staða upp að félagi geti ekki mætt í vinnu sér klúbburinn um að útvega starfskraft í hans stað, hvort sem það er annar félagi eða starfsmaður klúbbsins. Vinnuveitandanum er þannig tryggt 100% vinnuframlag.

Starfsmaður klúbbsins eða annar stuðningaðili frá klúbbnum veitir bæði félaganum og vinnuveitandanum stuðning á meðan á ráðningu stendur. Jákvætt er ef félagi hefur tök á að sækja klúbbinn samhliða RTR starfi.

## Klúbburinn Geysir hafði yfir einu RTR starfi að ráða í lok ársins.

- **Bakkinn – Vöruhótel:**  
Halda lyftarbrautum hreinum ásamt öðrum tilfallandi þrifum. Þetta eru tvö stöðugildi og er starfshlutfall 37,5%. Vinnutími 10.00 til 13.00 og 13.00 til 16.00.
- Í samvinnu við AMS er verið að afla fleiri RTR starfa sem auka fjölbreytni og möguleika félaga til þátttöku í atvinnulífinu.

## Sjálfstæð ráðning og atvinna með stuðningi

Geysir hefur verið í góðu samstarfi við Vinnumálastofnun vegna atvinnu með stuðningi (AMS). Klúbburinn veitir félögum einstaklingsmiðaðan stuðning við atvinnuleit. Sem dæmi má nefna við gerð ferilskráa, starfsleit á netinu og með því að fara með félögum í viðtöl hjá AMS, Tryggingastofnun og Vinnumálastofnun.

## Starfsleitarhópur aðra hvora viku.

Áhugasamir félagar í atvinnuleit geta hist á föstum fundum aðra hvora viku og fengu aðstoð við að gera ferilsskrá. Einnig er farið í gegnum atvinnuauglýsingar, prentaðar út auglýsingar um laus störf og félagar aðstoðaðir við að sækja um störf. Farið yfir hvað og hvernig best sé að undirbúa sig undir atvinnuviðtöl. Ef þurfa þykir er félögum boðinn stuðningur og aðstoð vegna atvinnuviðtala.

## Alþjóðlegt samstarf

Heimsráðstefna Clubhouse International var haldin í Lilleström í Noregi dagana 28. september til 3. október. Tveir þátttakendur frá Geysi fóru á ráðstefnuna, þau Kári Ragnars og Jacky Moreno. Þau kynntu sér aðallega málefni er snúa að ungu fólk og notkun samfélagsmiðla við að efla vinnumiðaðan dag og sýnileika klúbbns.



Dagana 23. til 27. júní fóru Fannar Þ. Bergsson og Guðlaugur Júníusson í heimsókn í Fontänhuset Göteborg. Tilefnið var að kynna sér starfsemi klúbbns og þá sérstaklega starf með ungu fólk. Ferðin reyndist mjög skemmtileg og gagnleg. Það var tekið vel á móti íslensku gestunum sem tóku þátt í vinnumiðuðum degi í öllum deildum hússins.

## Ráðgjafaráð Clubhouse International

Klúbburinn hefur einn fulltrúa í Clubhouse Advisory Council – ráðgjafaráði Clubhouse International. Saga Emilia Sigurðardóttir félagi í Klúbbnum Geysi er fulltrúi Geysis í ráðinu. Ráðið heldur einn fund á ári. Fulltrúi Geysis fór ekki á fundinn þetta árið.

## Fræðsluráð

Klúbburinn á einn fulltrúa í fræðsluráði FCD (Faculty for Clubhouse Development). Hlutverk þeirra sem eru í ráðinu er að vinna rannsóknarvinnu innan klúbbhúsa til undirbúnings vottunar, halda námskeið og vera ráðgefandi varðandi vottanir og almenna starfsemi klúbbhúsa í ljósi alþjóðlegra staðla klúbbhúsa. Fulltrúi klúbbsins í fræðsluráðinu er Jón Sigurgeirsson félagi og stjórnarmaður í Geysi. Hann fór á einn fund ráðsins í Oslo haustið 2019.

## Úttekt og vottun Klúbbsins Geysis.

Árið 2019 hófst undirbúnингur fyrir endurnýjun á vottun klúbbsins, en núverandi vottun rennur út 31. janúar 2020. Klúbburinn fékk þriggja ára vottun eftir síðustu úttekt. Markmiðið er að Geysir haldi áfram að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til hans sem fullgildur aðili að Alþjóðlegu Klúbbhúsahreyfingunni. Veigamikill þáttur undirbúningsins er sjálffsskoðun. Áður en vottunarteymið kemur í klúbbinn gefur sjálffsskoðunin klúbbnum tækifæri til að vega og meta starfið og árangur þess. Alþjóðlegu samtökin hafa alltaf veitt klúbbhúsum viðeigandi aðstoð og upplýsingar sem kunna að óska eftir við sjálffsskoðunina. Við sjálffsskoðunina eru haldnir fundir þar sem félagar og starfsfólk fara yfir staðlana í umræðuhópi þar sem allar skoðanir hafa rétt á sér og hafa jafnmikið vægi. Haldnir voru 18 vottunarfundir á árinu.



þeir

## Félagslíf

Einn mikilvægur þáttur í starfsemi Klúbbsins Geysis er að rjúfa einangrun félaga og er



því félagsleg dagskrá, sem haldið er úti utan vinnumiðaðs dags mjög mikilvæg. Eftir að vinnumiðuðum degi lýkur á fimmtudögum er alltaf félagsleg dagskrá. Síðasta fimmtudag í hverjum mánuði er opið hús en annars er önnur dægrastytting í boði. Einn laugardag í mánuði er einnig opið hús frá kl. 11:00 - 15:00. Samtals voru 48 félagslegir viðburðir á árinu sem félulu inn á þessa dagskrá. Að meðaltali mættu 9 félagar á viðburðina.

# Veislur/Hátíðir – Félagsleg dagskrá

## Tuttugu ára afmæli Klúbbsins Geysis

Haldið var upp á 20 ára afmæli Geysis 6. september 2019. Boðið var til veglegrar afmælishátíðar á Hard Rock Café. Þar var gestum boðið til veislu í mat, drykk og skemmtiatriðum. Stefán Helgi Stefánsson óperusöngvari var veislustjóri. Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson heiðraði hátíðina með nærveru sinni ásamt Elizu Reid forsetafrú. Bæði númerandi og fyrverandi stjórnarmenn mættu á samkomuna, flutt ávörp og minntust þeirra áfanga sem hafa áunnist í 20 ára starfi klúbbsins. Má þar nefna Styrmí Gunnarsson ritstjóra og Ögmund Jónasson fyrrum ráðherra og alþingismann og Önnu Valdimarsdóttur frumkvöðulinn að stofnun klúbbsins og númerandi stjórnarmann. Fjölmargir listamenn komu fram og gáfu vinnu sína: Katrín Eir Óðinsdóttir söng við undirleik Helga Más Hannessonar, Böddi Reynis trúbador, DJ geimskip og flugvél/Steinunn Harðardóttir. Að ekki sé minnst á húsband Klúbbsins, Kiðlingana sem komu saman á ný eftir nokkurt hlé. Þessa útgáfu Kiðlinganna var skipuðu: Óðni Einissyni gítar og söngur, Guðlaugi Júníussyni trommur, Benedikt Gestssyni gítar og Pétri Hjálmarssyni bassa og söng.



## Geysisdagurinn

Geysisdagurinn var á sínum stað 15. júní. Hann fór fram í ágætis veðri.

Góð þátttaka var á viðburðinum og mættu 85 manns. Tilgangurinn með deginum er að bjóða aðstandendum og velunnurum í heimsókn, sem og að kynna klúbbinn út á við. Fjölmargir undirbúningsfundir voru

haldnir til þess að gera dagskrána sem veglegasta. Elíza Reid forsetafrú heiðraði Geysi með nærveru sinni. Hún ræsti örþonið, þar sem keppendur fóru um 96 metra leið með frjálsri aðferð. Seldar voru veitingar og haldinn flóamarkaður. Geysisdagurinn verður vinsælli með hverju ári og er orðinn fastur liður í starfseminni. Þetta var í áttunda sinn sem hann var haldinn.



## Aðrar veislur og hátíðir

Allar hefðbundnar veislur voru á vísum stað, s.s. Þorrablót, páskaveisla, jólaveisla, litlu jólin, skötuveisla og gamlárgleði. Opið hús var á aðfangadag og jólakaffi á annan í jólum.

Haldnar voru afmælisveislur síðasta þriðjudag í hverjum mánuði fyrir afmælisbörn mánaðarins. Veislurnar hafa verið góð hvatning fyrir félaga sem ekki hafa mætt lengi, til þess að koma aftur í

klúbbinn, auk þess sem afmæliskaffið lífgar upp á þessa eftirmiðdaga og skapar skemmtilega stemningu.

Þorrablót klúbbsins var haldið 8. febrúar. Mættu 16 manns á blótið; félagar, starfsmenn og gestir, og skemmtu sér hið besta. Hin árlega páskaveisla var haldin 20. apríl að hætti hússins. Alls mættu 9 gestir í veisluna. Jólaveisan var haldin 6. desember og mættu 41. Litlu jólin voru haldin 14. desember en þangað mættu 13 manns. Auk þess var haldin skötuveisla þann 23. desember í hana mættu 19 manns. Á aðfangadag jóla komu 5 félagar til að gæða sér á hátiðar hádegisverði. Á gamlársdag mættu 5 félagar í veislumat. Allar þessar veislur heppnuðust afar vel.

Af öðru sem gert var í félagslegri dagskrá má nefna: Út að borða, sundferðir, bíó, gönguferðir, það var farið í bíóum og á pönksafn Íslands. Gengið var á milli vita, farið í grasagarðinn og sýningar á Kjarvalsstöðum.

## Útvarp Geysir:



Það hefur löngum dvalið í hugum Geysisfélaga að prófa að reka útværpsstöð í tilraunaskyni til þess að vekja athygli á starfi klúbbsins og auka verkefnaframboð í klúbbnum. Slíku verkefni var ýtt úr vör árið 2016 í tengslum við Geysisdaginn. Dagskrárgerð var í höndum félaga og starfsfólks Geysis og var hún samansett af umræðu um geðheilbrigðismál, starf Geysis,

viðtölum við félaga og starfsfólk Geysis, tónlist og fréttatengdu efni. Þótti þessi tilraun með útværpið takast afar vel. Árið 2019 var haldið áfram með þetta verkefni og var efni sent út á veraldarvefnum í gegnum Soundcloud. Til að byrja með var prófað að lesa inn ýmsar tilkynningar er tengdust starfsemi klúbbsins á vinnumiðuðum degi. Þegar leið árið bættust við fleiri dagskrárlíðir. Það var tekið upp útværpsleikrit eftir Aðalheiði Davíðsdóttur félaga í klúbbnum. Alexander Valdimarsson las upp ævisögu sína og gerðir voru þættir þar sem að fjallað var um kvíkmyndir og íþróttir af ýmsu tagi. Tengill er inn á Soundcloud á heimasíðu Geysis: <http://kgeysir.is/>. Einnig er starfsemin auglýst á Facebook síðu klúbbsins, <https://www.facebook.com/klubburinn.geysir>.

## Námskeið og kennsla

Hluti af starfi atvinnu- og menntadeildar er að kynna fyrir félögum menntunarmöguleikum sem í boði eru. Fjölbreytt námskeið og kynningar voru í boði.

Áfram var haldið með vikulegt tölvuver, þar sem félagar geta fengið aðstoð við tölvuvinnu s.s. facebook, tölvupóst, ritvinnslu, excel og hvaðeina sem tengist ýmsum forritum.




Fjölmennt bauð upp á þrjú námskeið í Klúbbnum Geysi. Fyrsta námskeiðið var snjalltækjanámskeið sem var ætlað byrjendum og þá sem vilja efla færni sína á snjalltækjum. Annað námskeiðið var Saga dægurtónistar. Farið var yfir sögu vinsældartónlistar í grófum dráttum fram til dagsins í dag. Þriðja námskeiðið var síðan spænskunámskeið fyrir byrjendur. Þorsteinn Eggertsson var leiðbeinandi í sögu dægurtónistar og Kristín Eyjólfssdóttir leiðbeindi á snjalltækjanámskeiðinu, Þuríður Björg

Þorgrímsdóttir leiðbeindi á spænskunámskeiðinu. Alls voru 8 tímar á snjalltækjanámskeiðinu og 10 tímar í Sögu dægurtónlistar. Kristinn Þór Jóhannesson félagi í Geysi hélt myndlistarnámskeið fyrir félaga sem heppnaðist með ágætum.

## Kynning á Batastjörnunni

Batastjarna er sérstakt hjálpartæki fyrir félaga til að gera einstaklingsbundnar markmiðsáætlunar. Sérstakt Batastjörnuherbergi var tekið í formlega notkun í maí. Ein kynning var á Batastjörnunni á árinu utan klúbbsins. Einnig voru 2 kynningar haldnar fyrir fagaðila í klúbbnum. Ellefu félagar í Geysi nýttu sér Batastjörnuna til markmiðsetningar á árinu 2019.



## Heilsuefling

Heilsuefling er nú orðin hluti af daglegri starfsemi klúbbsins. Heilsuhópur Klúbbsins Geysis fundar reglulega og ræðir leiðir til heilsueflingar.

Farið var í gönguferðir bæði á vinnumiðuðum degi og í félagslegri dagskrá. Auk þess stendur félögum til boða að kaupa kort í líkamsræktarstöðinni World Class á sérstökum kjörum. Heilsufundir voru haldnir tvisvar í mánuði. Farið var yfir heilsutengt efni og fjölbreyttar leiðir til bættrar heilsu.



Árið 2019 var farið af stað með heilsuræktarhóp og fengin inn hlaupabretti, hjól og stigtæki ásamt öðrum búnaði sem gerir félögum kleyft að stunda líkamsrækt í klúbbhúsinu. Líkamsræktin var í boði tvisvar í viku á þriðjudögum og föstudögum.

Árleg heilsuvika var haldin í Geysi 11. til 14. júní. Þetta var níunda árið sem heilsuvika er haldin í aðdraganda Geysisdags. Í heilsuviku fáum við ýmsa aðila til að kynna fyrir okkur leyndardóminn um betri lífsstíl, bætta heilsu og lífsgæði. Meðal annars koma til okkar matreiðslumeistarar, lífstílsþjálfarar, næringarfræðingar og skapandi listamenn til þess að koma með innlegg í starf klúbbsins um leið styrkjum við gildi heilbrigðra lífsháttu og ræktun hugans.

## Meðal námskeiðhaldara og fyrirlesara í heilsuviku voru:

Þriðjudaginn 11. júní var **Guðni Gunnarsson** með fyrirlestur um heildræna þjálfun líkama og sálar. Miðvikudaginn 12. júní kom **Unnur Pálmadóttir** og hélt fyrirlestur um tengsl geðsjúkdóma og meðvitundar um heilbrigða lífshætti.

Fimmtudaginn 13. júní hélt **Kolbrún Björnsdóttir** grasaþeknir erindi um jurtir og sjúkdóma Föstudaginn 14. júní eldaði **Ebba Guðmundsdóttir** heilsumat og **Ólafur Stefánsson** heimsspekingur fræddi okkur um mikilvægi andans.

## Reykjavíkurmaráþon

Reykjavíkurmaráþon Íslandsbanka fór fram þann 24. ágúst. Félagar, starfsfólk og velunnarar Klúbbsins Geysis tóku þátt í áheitahlaupi góðgerðarfélaganna. Í 3 km. skemmtiskokki tók þátt fyrir hönd Geysis: Þórunn Ósk Sölvadóttir, Benedikt Gestsson, Mikael Hreiðarsson, Marta Sóley Helgadóttir, Guðbjörg Gústafsdóttir, Þórunn Helga Garðarsdóttir og Helgi Halldórsson. Sigurður Bjarni Gunnarsson og Marteinn Már Hafsteinsson tóku þátt í 10 km hlaupi.



## Móttakan

Móttakan er mikilvæg starfsstöð í starfi klúbbsins. Félagar úr öllum deildum starfa í móttökunni. Meðal verkefna í móttöku má nefna símsvörun og úthringingar til félaga. Einnig sér móttakan um að taka á móti öllum þeim sem koma í klúbbinn s.s. félögum og gestum. Móttakan sér um póstinn sem kemur í hús, fyllir á rekka fyrir bæklinga og blöð og heldur móttökunni hreinni.

## Eldhús- og viðhaldsdeild

Eldhús- og viðhaldsdeild halda sameiginlega deildarfundi. Í eldhúsdeildinni voru framreiddar 2736 máltíðir á árinu, fyrir utan Þorrablót og jólaveislu. Að meðaltali voru reiddir fram 228 matarskammtar á mánuði og 11 matarskammtar á dag fyrir félaga, starfsfólk og gesti. Til daglegra verkefna eldhúsdeilda teljast matseld, bakstur, uppþvottur, frágangur, þrif, þvottur, innkaup og úthringingar. Auk þess sér eldhúsdeild um að útbúa matseðil fyrir mánuðinn, uppgjör kassa í lok dags og vikulegt uppgjör eldhússjóðs. Eldhúsdeild pantar rekstrarvörur fyrir eldhúsið. Tekið er slátur á haustin, auk þess er sviðasulta búin til, sultað úr rabarbara og rifsberjum.



Ræktaðar eru kryddplöntur sem nýttar eru við matseld. Að vanda er grillað á góðviðrisdögum á veröndinni fyrir framan húsið. Einnig sér eldhúsið um afmæliskaffi félaga sem haldið er í lok hvers mánaðar. Einnig sér eldhús- og viðhaldsdeild um að hringja í félaga og hvetja þá sem ekki hafa mætt lengi til að mæta.

## Sjoppan

Eldhúsdeildin sér um rekstur Kaupmannsins á horninu sem er sjoppa klúbbsins. Verkefni hennar eru meðal annars: Sala á matar- og kaffimiðum, ávöxtum, gosi, sælgæti og kökum. Einnig sér sjoppan um að selja styrktarvörur fyrir klúbbinn s.s. vatnsbrúsa, lyklakippur, derhúfur með merki klúbbsins og bók með smásögum í þýðingu Sigrúnar Jóhannsdóttur.

## Viðhald

Viðhaldsdeild sér um almennt viðhald hússins innandyra, auk þess sem pallur og gróður fyrir framan húsið er í umsjón deildarinnar. Verkefni hennar eru meðal annars: viðhald húsbúnaðar og húss, tæming á rusli, skipti á ljósaperum, að sópa pall fyrir framan húsið, skipta um gaskút í eldhúsi og moka snjó á vetrardögum ásamt ýmsum öðrum tilfallandi verkefnum. Einnig sér viðhaldsdeild um viðhald á tölvukerfi klúbbsins og hefur yfirsjón með lagerstöðu í báðum deildum. Settur var upp skjár í salnum á annari hæð. Batastjörnuherbergið var undirbúið og tekið í notkun. Viðhaldsdeildin sér að mestu um að gera allt klárt utan húss fyrir Geysisdaginn og hafði veg og vanda af því að setja upp græjurnar fyrir Útvarp Geysi, svo fátt eitt sé talið. Einnig sá deildin um að gera líkasmræktar- og útvarpsstúdíóið klárt.

## Skrifstofudeild

### Dagleg starfsemi

Skrifstofu, atvinnu- og menntadeild halda sameiginlega deildarfundi. Til daglegra verkefna á skrifstofunni telst skráning á viðveru félaga og gesta, útgáfa Skjáfréttu, og útgáfa Litla-Hvers, mánaðarlegs rits klúbbsins, prentun á kynningarefnini, umbrot og heftun. Dagskrá og fundargerðir húsfunda eru ritaðar og prófarkalesnar. Unnið er að þýðingum á erlendum greinum og áhugaverðu efni sem tengjast starfsemi klúbbhúsa og er notaðar við uppbyggingu starfsins. Haldið er utan um alla tölfraði um starfsemina og skráningu á henni. Einnig sér skrifstofudeildin um úthringingar til félaga sem skráðir eru í deildina og hvetja þá að koma sem ekki hafa mætt lengi.



## Atvinnu-og menntadeild (ATOM)

Hlutverk atvinnu- og menntadeilda er að styðja félaga við að ná markmiðum sínum varðandi atvinnu og menntun með því að nýta þau tækifæri sem eru í boði úti í samfélaginu. Verkefni deildarinnar eru fjölbreytt og má þar á meðal nefna umsjón með RTR, aðstoð við félaga til að komast á almennan vinnumarkað, aðstoð við gerð ferilskráa, samskipti við Atvinnu með stuðningi (AMS), samskipti við Tryggingastofnun og skattayfirvöld vegna atvinnuþátttöku félaga, umsjón með námskeiðahaldi, aðstoð við félaga til að sækja um nám, ýmis stuðningur við námsmenn og samskipti við menntastofnanir eins og Fjölmennt, Hringsjá og fleiri. Deildin býður upp á góða námsaðstöðu á þriðju hæð þar sem starfsmenn og félagar eru til taks til stuðnings námsmönum.

# Útgáfumál

Daglega eru gefnar út **Skjáfréttir** sem settar eru upp á sjónvarpsskjá í klúbbnum.

Í Skjáfréttum eru meðal annars tilkynningar og auglýsingar fyrir daginn. Þess er líka getið hverjir eiga afmæli, ljósmyndir úr starfinu eru birtar auk spakmæla og gamanmála.

**Litli-Hver** hefur komið út frá árinu 2002 og er hann gefinn út mánaðarlega. Litli-Hver flytur fréttir og upplýsingar um starfsemi klúbbsins. Árið 2018 urðu breytingar á dreifingu. Fyrir þann tíma var Litli-Hver sendur í pósti til allra félaga. Í stað þess að prenta Litla-Hver er hann nú sendur rafrænt til allra félaga í Geysi, stjórnar klúbbsins, styrktaraðila og ýmissa hagsmunaaðila í heilbrigðiskerfinu, en geðdeildir LSH fær enn prentaða útgáfu hans.

Stærð Litla-Hvers var upphaflega fjórar síður, sem stækkaði í átta á árinu 2004. Nú er Litli-Hver ýmist 8 eða 12 síður. Einnig er þó hægt að nálgast útprentuð eintök í klúbbhúsinu fyrir þá sem þess óska.

Uppfærðir voru bæklingar sem heita: **Með þér í námi**, **Með þér í vinnu** og **Með þér út í lífið**. Þetta eru kynningarbæklingar um starfsemi Klúbbsins Geysis þar sem hægt er að átta sig á hvað klúbburinn hefur upp á að bjóða. Þessum bæklingum er t.d. úthlutað þegar fólk kemur í kynningu í klúbbnum og einnig er þeim dreift í móttökur og deildir spítala, heilsugæslustöðvar og félagsþjónustur.

## Heimasíða og samfélagsmiðlar

**Heimasíðan** er uppfærð svo til daglega með ýmsum tilkynningum og fréttum. Matseðill er uppfærður vikulega, nýjar fréttir settar inn á hverjum degi og upplýsingar um félagslega dagskrá eru settar inn mánaðarlega og eftir þörfum sem fréttir, auk þess sem námskeiðahald er kynnt. Á síðunni eru tenglar inn á aðrar áhugaverðar síður, meðal annars RTR vinnustaðina, menntunartækifæri og önnur úrræði fyrir fólk með geðrænar áskoranir. Mikilvægt er að uppfæra heimasíðuna reglulega til að styrkja þennan rafræna tengilið milli klúbbsins, félaganna og einnig til að miðla upplýsingum til þeirra sem áhuga hafa á að kynna sér starfsemi Klúbbsins Geysis.

Geysir er með **Facebook** síðu þar sem miðlað er ýmsum upplýsingum um starfsemi klúbbsins. Einnig er klúbburinn á **Twitter**, **Instagram** og **LinkedIn**.

## Þakkir


Félagar, starfsfólk og stjórn klúbbsins vill koma á framfæri þakklæti til allra sem komu að verkefnum á vegum klúbbsins og öðrum þeim er greiddu götu klúbbsins með einum eða öðrum hætti til þess að efla hann og styrkja.

# Ýmis tölfraeði

Í móttöku Geysis skrá félagar sig í viðveruskrá, klukkan hvað þeir mæta og hvenær þeir fara. Þessar upplýsingar eru færðar inn í Salesforce gagnagrunn og eru m.a. notaðar til að halda utan um mætingu félaga.


Að meðaltali mættu 20 félagar daglega á árinu 2019 og 67 félagi mætti einu sinni eða oftar að meðaltali hvern mánuð.

Mæting félaga í Klúbbinn Geysir árið 2019



Meðalmæting árið 2019 voru 20 félagar á mánuði.


Heildarfjöldi í Félagslegri dagskrá




## Nokkrar niðurstöður úr árangurskönnun 2019

Á næstu blaðsíðum eru skífurit yfir svör félaga sem tóku þátt í árangurskönnun 2019. Alls svöruðu 32 einstaklingar könnuninni


Aldur félaga




HVERSU MIKIL EÐA LÍTIL ÁHRIF HAFÐI ÞÁTTAKA  
ÞÍN Í KLÚBBNUM GEYSI Á AD ÞÚ FÓRST Í NÁM/Á  
NÁMSKEIÐ UTAN KLÚBBSINS GEYSI?




HEFUR ÞÚ VERIÐ Í NÁMI EÐA Á NÁMSKEIÐI  
UTAN KLÚBBSINS GEYSIS SÍÐUSTU  
12. MÁNUÐI?




**HEFUR ÞÚ NÝTT ÞÉR NÁMSKEIÐ OG/EÐA  
FYRIRLESTRA SEM ERU Í BOÐI Í KLÚBBNUM  
GEYSI SÍÐUSTU 12 MÁNUÐI?**




**STEFNIR ÞÚ Á AÐ KOMAST Í LAUNAÐA  
VINNU**



**Hefur þátttaka þín í klúbbnum Geysi  
haft áhrif á einbeitingu þína eða  
úthald þitt í vinnu?**



### Ertu í launaðri vinnu?



# **Stefnuyfirlýsing Klúbbsins Geysis**

## **Virðing – Víðsýni – Vinátta**

Við bjóðum velkomna þá sem eiga eða hafa átt við geðræn veikindi að stríða, til að vinna uppbyggilegt starf á jafningjagrundvelli með það að markmiði að auka samfélagslega þátttöku og efla lífsgæði.

Þetta gerum við með því að:

- vera öruggur samastaður
- hafa fjölbreytt verkefni á vinnumiðuðum degi
- efla sjálfstraust með því að taka tillit til styrkleika, áhuga og getu hvers og eins hverju sinni.
- veita stuðning í námi og atvinnuleit
- bjóða tímabundin atvinnutækifæri

## **Samvinna – Samræður – Samhljómur**

